

málinu frá undirréttinum. Er þá og rétt að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu frá undirréttinum. Stefndi Þórður Guðmundsson greiði áfrýjanda Birni Bjarnarsyni 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkist áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 1. desember 1919.

Nr. 26/1919: Ágúst Þórarinsson f. h. Leonh.
Tang & Söns verzlunar í
Stykkishólmi
gegn
Þórnari Egilson, Ó. V. Davíðs-
syni og Olgeiri Friðgeirssyni.

D ó m u r :

Haustið 1915 strandaði á Hvammsfirði í Dalasýslu þilskipið »Harald«, eign Leonh. Tang & Söns verzlunar á Ísafirði. Skip þetta var váttryggt hjá

sjóvátryggingarfélaginu »Fjerde Sjöforsikringssekskab« í Kaupmannahöfn; tók vátryggingarfélagið skipið til eignar eftir strandið og seldi umboðsmaður félagsins í Reykjavík, yfirréttarmálaflutningsmaður A. V. Tulinius fyrir félagsins hönd síðan skipið Einari kaupmanni Þorgilssyni í Hafnarfirði með afsalsbréfi dags. 24. nóv 1915 »með rá og reiða og öllu, sem því fylgir og fylgdi, þegar skipið strandaði í októbermán. 1915, og fylgja þar með talinn skipsbátur í Stykkishólmi og hvað sem annars kynni að vera þar skipinu tilheyrandi« Einar Þorgilsson seldi svo stefnda Þórarni Egilsson skipið með öllum sömu réttindum og hann eignaðist það, og Þórarinn Egilsson aftur að $\frac{2}{3}$ hlutum hinum meðstefndu Ó. V. Davíðssyni og Olgeiri Friðgeirssyni

Vorið 1916 fengu hinir nýju eigendur hjá áfrýjanda Leonh. Tang & Söns verslun í Stykkishólmi stórsegl á skipið og greiddu fyrir það 800 kr.; en um leið og forstjóri verslunarinnar sendi seglið, skýrði hann Þórarni Egilsson frá því í bréfi dags. 13. apríl 1916, að segl þetta hefði verið sniðið á kutter Harald í ársbyrjun 1914 og hefði verið búið til sem vara-segl, ef á þyrfti að halda, og hefði verið notað eitt-hvað lítið á skipið. Með því að stefndu eftir þessum upplýsingum töldu að segl þetta ætti að fylgja skipinu og væri innifalið í kaupum þeirra á kutter Harald samkvæmt áðurgreindum ákvæðum í afsalsbréfi umboðsmanns vátryggingarfélagsins til Einars Þorgilssonar, og að þeir því óréttilega hefðu greitt andvirði þess, kröfðust þeir að verslunin endurgreiddi

þeim upphæðina, og er verslunin varð ekki við þeirri kröfu, höfðu þeir mál þetta gegn áfrýjanda fyrir aukarétti Snæfells- og Hnappadalssýslu til endurgreiðslu á umgetnum 800 kr. með 6% ársvöxtum frá 13. apríl 1916 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar.

Máli þessu lauk svo fyrir aukaréttinum með dómi uppkveðnum 21. jan. þ. á., að áfrýjandi Ágúst Þórarinsson verslunarstjóri var fyrir hönd Leonh. Tang & Söns verslunar í Stykkishólmi dæmdur til að greiða stefndu andvirði seglsins 800 kr. með 6% ársvöxtum frá 7. mars 1917 til greiðsludags og 40 kr. í málskostnað

Dómi þessum hefur áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 26. apríl þ. á. og krafist þess að dómnum verði hrundið og breytt þannig, að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum hana stefndu og þeir dæmdir til að greiða málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndu krefjast þess frá sinni hálfu, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi.

Um segl það, er ágreiningurinn er um, tekur áfrýjandi það fram að það hafi að vísu verið sniðið á kutter Harald og hafi verið notað á skipið tæpan mánaðartíma árið 1914, en að öðru leyti hafi segl þetta verið skipinu óviðkomandi, verið geymt í geymsluhúsum Tangsverslunar og aldrei eftir það komið um bord í skipið, enda hafi skipið án þess verið nægilega útbúið að seglum. Skipstjórinn á kutter Harald

hefur vottað það, að umrætt stórsegl hafi verið notað á skipið eina ferð við byrjun útgerðartímabilsins 1914 og því næst flutt í land og afhent versluninni og ekki komið um borð í skipið upp frá því. Áfrýjandi hefur og lagt fram bréf frá sjóvátryggingarfélaginu »Ferde Søforsikringselskab« dags. 28. mars 1917, þar sem félagið tjáist ekki hafa ætlast til að annað fylgdi með skipinu en það, sem innanborðs var, er skipið strandaði, og að það líti svo á, að hið umrædda stórsegl, sem ekki var í skipinu er það strandaði, hafi ekki verið fylgifé þess 1915, og því ekki fylgt með í sölnunni, þótt það hafi verið notað sem varasegl á fyrra útgerðartímabili («ikke hører til dettes Udrustning i 1915 og altsaa ekki indbefattet i Salget, uanset om det i en tidligere Sæson var benyttet som Reservesejl») og loks hefur áfrýjandi lagt fram vottorð frá umboðsmanni vátryggingarfélagsins við sölu skipsins, yfirréttarmálaflutningsmanni A. V. Tulinius um að kaupandi skipsins hafi vitað af því að umrætt stórsegl fylgdi eigi með skipinu og hefur nefnt vottorð verið staðfest fyrir rétti. Samkvæmt þessu heldur áfrýjandi því fram, að seglið hafi eigi verið fylgifé skipsins og eigi fallið undir sölnuna á því með fylgimunum þess, og eigi stefndu því enga heimtingu á að fá söluverð þess endurgreitt.

Stefndu halda sér hinsvegar til þess, að kutter Harald hafi verið afsalaður með öllu því, sem í Stykkishólmi kynni að vera skipinu tilheyrandi; umrætt stórsegl hafi verið búið til handa skipinu og

notað á það, og verði því að teljast selt með skipinu sem annað fylgifé þess samkvæmt ákvörðun afsalsbréfsins.

Þótt umrætt stórsegl hafi verið búið til sem varasegl handa kutter Harald og hafi verið notað á skipið um mánaðartíma árið 1914, verður þó ekki álitid að segl þetta hafi verið tilheyrandi útbúnaði skipsins, er það strandaði haustið 1915, úr því það var tekið úr skipinu snemma á árinu 1914 og síðan ekki flutt út í það, og kemur þessi skoðun heim við það, að sjóvátryggingarfélagið hefir, svo sem áður hefir verið sagt, lýst því yfir, að það teldi seglið ekki tilheyrandi útbúnaði skipsins, er það strandaði, enda er ekkert komið fram um það í málinu, að seglbúnaði skipsins hafi verið áfátt, er það strandaði. En þótt svo væri álitid, að umrætt segl ætti að teljast fylgifé kutter Haralds, þá geta stefndu engu að síður enga kröfu gert til þess, með því að það er viðurkent af stefndu að það hafi verið tekið fram við sölu skipsins, að umrætt segl fylgdi ekki skipinu og gátu þeir því ekki búist við að það fylgdi með í kaupinu þrátt fyrir hið viðtæka orðalag afsalsbréfsins.

Samkvæmt því er nú hefir verið sagt, eiga stefndu ekki heimtingu á að fá andvirði seglsins endurgoldið, og ber því að fella hinn áfrýjanda dóm úr gildi og sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu; eftir málavöxtum þykir rétt að þeir greiði áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum og ákveðst hann 100 kr.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Ágúst Þórarinsson fyrir hönd Leonh. Tang & Söns verslunar í Stykkishólmi á að vera sýkn af kröfum hinna stefndu, Þórarins Egilson, Ó. V. Davíðssonar og Olgeirs Friðgeirssonar í máli þessu.

Hinir stefndu greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn áfrýjanda í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi 100 kr., er lúkist áður en 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 1. desember 1919.

Nr. 57/1919:

Réttvísinn

gegn

Ásgeiri Ásmundssyni.

Dómur:

Í máli þessu er Ásgeir Ásmundsson til heimilis í svonefndum Suðurpól hér í bænum kærður af réttvísinnar hálfu fyrir brot það, er ræðir um í 183. gr. almennra hegningarlaga 25. júlí 1869, en með auka-réttardómi Reykjavíkur, uppkveðnum 4. júlí þ. á., var hann sýknaður af ákæru réttvísinnar og sakarkostnaður allur, þar með talin málsvarnarlaun 20